

Reykjavík, 28. júní 2023

Umsögn um aðgerðaáætlun um málefni íslenskrar tungu 2023-26

Menntavísindasvið fagnar aðgerðaáætlun um málefni íslenskrar tungu og þeim áherslum stjórnvalda sem þar birtast. Sérstakt fagnaðarefni er sú áhersla sem lögð er á íslensku sem annað mál, kennslu þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og styrkingu innviða. Meðfylgjandi er umsögn sérfræðinga unnin fyrir hönd Menntavísindasviðs,

Virðingarfyllst,



Forseti Menntavísindasviðs

Við fögnum aðgerðaáætlun um málefni íslenskrar tungu og þeim áherslum stjórnvalda sem þar birtast. Sérstakt fagnaðarefni er sú áhersla sem lögð er á íslensku sem annað mál, kennslu þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og styrkingu innviða. Líkt og kemur fram í umsögn Eiríks Rögnvaldssonar, er þó gagnrýnisvert að engin kostnaðaráætlun fylgir áætluninni, hvorki í heild né í umfjöllun um einstaka liði. Til samanburðar má benda á að þetta er ólíkt því sem finna má í nýsamþykktari áætlun um eflingu barnamenningar. Sú áætlun er miklu minni í sniðum, en einmitt vegna þess að aðgerðaáætlunin um eflingu íslensku er býsna metnaðarfull er brýnt að fjármagn sé tryggt til að hún nái fram að ganga.

Taka má undir athugasemdir Eiríks sem lúta að samstarfsaðilum í einstökum verkefnum, t.d. í liðum 2, 4 og 6. Sambærilega athugasemd má gera við lið 8 þar sem fjallað um mikilvægi lista og menningar. Hér mætti bæta við fleiri samstarfsaðilum, t.d. væntanlegri Miðstöð barnamenningar sem og fjölmiðlum, bókaútgefendum og framleiðendum fjölmiðlaefnis. Það sama á við um lið 16 um máltækni þar sem nefna mætti mögulega aðkomu háskólanna.

Við gerum einnig athugasemdir við nokkra liði áætlunarinnar sem varða kennslu í íslensku, bæði kennslu í íslensku sem öðru máli og kennslu íslensku sem móðurmáls:

Í lið 3 er fjallað um virkjun Samevrópska tungumálarammans og að rafræn próf muni verða þróuð og innleidd auk þess sem „þrepaskipt hæfnilýsing í íslensku sem öðru máli“ muni leysa „af hólmi núverandi námskrár“. Í Aðalnámskrá grunnskóla er kafli (frá 2021) þar sem fjallað er um málefni ÍSAT-nemenda og er hann byggður á Samevrópska tungumálarammanum. Nýlega hefur svo verið bætt við hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og miðast rammarnir við Samevrópska tungumálarammann. Á hinn bóginn er rétt að vekja athygli á því að í núverandi Aðalnámskrá framhaldsskóla er ekkert fjallað um málefni nemenda með íslensku sem annað mál. Mikilvægt er að skapa virkt samtal á milli skólastiga í þessari vinnu.

Hvað varðar íslenskukennslu í grunnskólum og framhaldsskólum almennt þá er bráðnauðsynlegt að fjallað sé um aðgerðir til að kanna og efla hæfni kennara og annars starfsfólks til að kenna nemendum með annað móðurmál en íslensku eins og gert er í áætluninni. Það má á hinn bóginn ekki gleyma þeim börnum sem hafa íslensku að móðurmáli og kennslu þeirra. Í aðgerðaáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um menntun kennara eða nauðsynlega hæfni þeirra til að kenna íslensku þeim nemendum sem hafa hana að móðurmáli.

Það er mjög mikilvægt að skýra kröfur um hæfni kennara til að kenna íslensku almennt. Sú hæfni verður ekki bara mæld eftir Samevrópska tungumálarammanum heldur þurfa allir kennarar að hafa einhverja hæfni að fjalla um helstu þætti íslenskunnar, málfræði, málnotkun, lestur, ritun, bókmenntir, talað mál og áhorf. Þetta skiptir sérstaklega máli í ljósi nýlegra laga um eitt leyfisbréf kennara á öllum skólastigum. Þeim lögum þarf að fylgja eftir með því að tryggja að öll þau sem ljúka kennaranámi hafi lágmarks fræðilega þekkingu á íslensku máli auk hæfni til að nota málið sjálf. Þetta skiptir gríðarlegu máli fyrir alla nemendur – hvort sem er nemendur sem hafa íslensku sem móðurmál, nemendur sem hafa íslensku sem annað mál eða nemendur sem hafa fjölbreyttan eða brotinn tungumálabakgrunn. Íslenskt samfélag verður sífellt fjölbjóðlegra og til að gæta jafnræðis fyrir alla þegna samfélagsins er nauðsynlegt að allir nemendur fái menntun og aðstoð við hæfi.

Í greinargerð um einstakar aðgerðir er í liðum 1, 2 og 5 fjallað um námskeið á háskólastigi. Þeirri spurningu mætti velja upp, með samanburði við reynslu samanburðarlanda, hvort hagnýtt nám í íslensku sem mæti þörfum innflytjenda eigi að vera svo nátengt háskólastiginu í ljósi þess að námið skuli umfram allt vera hagnýtt fremur en fræðilegt. Í nágrannalöndum okkar er aðgreining fræðilegs og hagnýts náms innan

háskólastigsins oft skýrari en hér á landi og það gerir samanburð við önnur lönd erfiðari. Reynslan sem vitnað er til af námskeiðum sem hér eru í boði benda einmitt til þess að þessu hafi e.t.v. ekki verið gefinn nægilegur gaumur.

Ekki er sjálfgefið að fræðileg námskeið sem eru í boði innan námsleiða háskólanna taki nægjanlega vel mið af þörfum þeirra sem einungis vilja afla sér hagnýtrar málkunnáttu en hyggja kannski ekki á háskólanám. Hér mætti þá gjarnan einnig huga að samráði milli ólíkra skólastiga og stofnana sem gætu komið að þessu verkefni, samhliða háskólunum. Einnig má benda á að nauðsynlegt er að efla menntun kennara sem sérhæfðir eru í kennslu íslensku sem annars máls. Um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega í áætluninni.

Rætt er um viðhorf til íslensku (7), íslensku sem sjálfsagt mál (18) og nauðsyn þess að auka nemendafjölda í B.A.-námi í íslensku (4). Það er mikilvægt, en það skiptir ekki síður máli að leita leiða til að fjölga nemendum í kennaranámi með áherslu á íslensku. Undir þessum liðum, og víðar, kemur leynt og ljóst fram nauðsyn þess að viðhorfið til íslenskrar tungu sé jákvætt. Faggreinin íslenska nýtur sífellt minni vinsælda meðal nemenda í skólakerfinu og því skiptir máli að kanna viðhorf grunn- og framhaldsskólanema til faggreinarinnar íslensku og íslenskrar tungu sem og að kanna hug kennaranna sjálfra til fagsins.

Fjallað er um eflingu skólasafna í lið 11. Eins og komið hefur fram í nýlegum rannsóknum hefur staða skólasafna og bókasafna almennt þrengst mjög á undanförunum árum. Þessari þróun verður ekki snúið við nema með því að auka fjárveitingar til safnanna til að þau geti aukið og viðhaldið safnkosti sínum og byggt upp margvíslega menningarstarfsemi. Undir þessum lið er því sérlega mikilvægt að fram komi hvort ríkið hyggist beita sér fyrir slíku með fjárveitingum en ekki einungis með kortlagningu og setningu viðmiða.

Í lið 12 er fjallað um vefgátt fyrir rafræn námsgögn. Menntamálastofnun hefur nú þegar gert stóran hluta útgefins námsefnis síns aðgengilegan á stafrænan hátt og minna má á að bókaútfendur eru byrjaðir að byggja upp gátt af því tagi sem talað er um í áætluninni fyrir námsefni framhaldsskóla. En það er ekki nóg að byggja upp innviðina, það verður líka að tryggja það að námsefnishöfundar og útfendur hafi aðstöðu til að semja nýtt námsefni fyrir hina stafrænu innviði. Þetta á ekki síst við um framhaldsskólastigið en útgáfa námsefnis fyrir framhaldsskóla hefur dregist mjög saman á liðnum árum, ekki síst í íslensku. Þá vantar mjög nýtt og fjölbreyttara námsefni í íslensku sem öðru máli.

Varðandi lið 14 þarf að taka fram að það skiptir ekki eingöngu máli að starfsfólk í leik- og grunnskólum hafi ákveðna hæfni í íslensku. Þetta á líka við um starfsfólk framhaldsskóla og taka þarf tillit til þess. Nemendur í framhaldsskólum eru margir hverjir ekki orðnir sjálfráða og fjöldi nemenda með íslensku sem annað mál er sífellt að aukast. Í lið 17 er þess að auki getið að gerðar verði kröfur um grunnfærni innflytjenda í íslensku en hluti fullorðinna innflytjenda sækir sitt íslenskunám í framhaldsskólum landsins. Framhaldsskólar og framhaldsskólanemar mega ekki gleymast í þessari umræðu.

Í lið 17 er fjallað um íslensku handa öllum og í lið 18 um „íslensku sem sjálfsagt mál“. Þessir liðir tengjast lið 7 þar sem fjallað er um viðhorf til íslensku og mikilvægi þess fyrir framtíð íslenskrar tungu að stuðla að því að viðhorf séu jákvæð. Til að tryggja að íslenska geti verið fyrir alla er mikilvægt að stuðla markvisst að jákvæðum viðhorfum íslenskra móðurmálshafa til fjölbreytts forms íslensku í máli þeirra sem hafa hana ekki að móðurmáli (íslensku með „hrein“ og íslensku með frávikum í beygingum eða orðaröð o.s.frv.).

Í þessu sambandi mætti líka hnykkja á því að varðveisla íslensku og málfarslegar umvandanir fara ekki endilega saman. Umfram allt ætti skólakerfið, allt frá grunnskólastiginu, að hafa umburðarlyndi í heiðri. Þetta á einnig við gagnvart algengum frávikum frá viðteknum málvenjum. Sú brýning mætti gjarnan koma



að ofan (sem hluti af aðgerðaáætluninni) að margumtöluð ofuráhersla innan skólakerfisins á formvanda íslensku (eins og þetta atriði hefur stundum verið nefnt), grefur undan íslenskunni ekki síður en neikvæð viðhorf til þess að nota íslensku (umdæmisvandinn sem greinargerð vitnar til), leiðir til neikvæðari sjálfsmýndar meðal nemenda og fordóma í garð annarra, hvort heldur sem er móðurmálshafa eða annarsmálshafa. Þá hefur margoft sýnt sig að gagnrýni á málfar ber almennt séð lítinn árangur. Skólakerfið, frá leikskóla til háskóla, á stóran þátt í því að móta viðhorf til íslensku. Þar gegnir kennsla íslensku sem faggreinar sem hluti af kennaramenntun lykilhlutverki.

Arngrímur Vídalín, lektor í íslenskum bókmenntum
Heimir Freyr Viðarsson, aðjúntkt í íslenskri málfræði
Helga Birgisdóttir, aðjúntkt í íslenskukennslu
Jón Yngvi Jóhannsson, lektor í íslenskum bókmenntum